

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

8. apríl 2022

Bakka og Skorholtsnáma, Hvalfjarðarsveit – umsögn

Vísað er í tölvubréf Skipulagsstofnunar dagsett 16. janúar 2022 þar sem þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands um Umhverfismatskýrslu um efnistöku úr Bakkanámu og í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit. Skýrslan er unnin af Eflu fyrir hönd Hólaskarðs ehf.

Í bréfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands til Skipulagsstofnunar dagsett 24. júní 2021 er gefið umsögn um málið á fyrri stigum. Í bréfinu er upplýst að misræmi sé í upplýsingum milli þess sem sagt er í skýrslu Evronice um óraskað land Bakkanámu, ekki hafa fengist skýringar á þessu en misræmið viðist enn vera til staðar.

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

1.1. Almennt um framkvæmdina

Fram kemur að umhverfismat þetta nær til efnistöku á 5 ha. túni sem liggur milli námanna tveggja auk þeirrar efnistöku sem enn er eftir í Bakkanámu. Áætlun efnistaka á svæðunum tveimur sem fjallað er um í matinu nemur því um 1,4 milljón m³ og er áætlaður vinnslutími 10-15 ár.

Æskilegt hefði verið að unnið væri eitt umhverfismat fyrir allt svæðið í stað þess að það sé metið í tvennu lagi. Samtals er verið að tala um að unnið efni úr námunum tveimur geti numið tæplega 4 milljón m³, í þessum hluta er fjallað um vinnslu á 1,4 milljón m³. Í kafla 2.3 er gerð grein fyrir að ætla megi að samlegðaráhrifa gæti frá námunum að vissu leyti.

Fram kemur að með aukinni umhverfisvitund hafi kröfur á efnistökusvæði aukist. Í auknu mæli hafi kaupendur efnist ætlast til að efnið komi frá viðurkenndum námum sem séu með tilheyrandi leyfi það á þó ekki við um Bakka- og Skorholtsnámu sem hefur ekki starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og hefur ekki verið sótt um það þó svo að bent hafi verið á þetta í ofangreindu bréfi eftirlitsins dagsett 24. júní 2021. Í bréfinu er gerð grein fyrir starfsleyfisskyldu framkvæmdarinnar.

Fordæmi eru fyrir því að í starfsleyfum sem heilbrigðiseftirlit gefur út séu ákvæði um frágang svæða í áföngum. (t.d. starfsleyfi Ístaks á Leirvogstungumelum). Starfsleyfisútgáfa fyrir námur hefur þó því miður ekki verið í nógu föstum skorðum og það þarf með einhverjum hætti að tryggja frágang námu að námuvinnslu lokinni. Við starfsleyfisvinnslu yrði kannað hvort heimildir eru í lögum fyrir því að krefja rekstaraðila um að leggja fram tryggingu fyrir frágangi svæða þannig að hún sé fjármögnuð jafnvel þó rekstaraðili færi í þrot eða missi áhugann á svæðinu eftir að efnisvinnslu líkur. Einnig kæmi til greina að gefa út starfsleyfi fyrir þann hluta sem unnin er til fulls og síðan frágenginn á starfsleyfistímanum Lagt er til að framkvæmdaaðili skipti svæðinu upp í framkvæmdatímabil þar sem áætluð vinnsla er metin fyrir líftíma námunnar.

2.4.2 Umferð, aðkoma og öryggi

Heilbrigðiseftirlitið telur mikilvægt að aðkoma að svæðinu sé lögð bundnu slitlagi og að dekkjaþvottavélar séu staðsettar við útaksturssvæði til að koma í veg fyrir rykmengun það væri alveg rakið fyrir rekstaraðila námanna tveggja að reka slíka stöð sameiginlega. Á þetta var bent í umsögn á

fyrri stigum en ekki hefur verið brugðist við því. Nema í kafla 4.4.5 er gefið í skyn að bílar verði þrífir ef á því er þörf en ekki skýrt með hvaða hætti það verður gert. Betur mætti festa þetta þannig að það sé dekkjaþvottavél við útakstursleið áður en komið er inn á bundið slitlag. Þetta felur bæði í sér mótvægisáðgerð vegna rykmengunar og einnig að ekki berist óhreinindi uppá Vesturlandsveg með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu.

2.4.3 Starfsmannaástaða

Heilbrigðiseftirlitið setur spurningu við flutningu á neysluvatni frá Hólabrú. Það er í sjálfu sér ekki bannað en æskilegt væri að vatnstaka á neysluvatni væri á staðnum ef möguleiki er á því, það væri meira í samræmi nútíma kröfur en mat á þessu fellur undir vinnueftirlit.

Gera má ráð fyrir að leggja þurfi siturlögn frá fráveitumannvirkinu til að ná tilsettum árangri í bakteríuniðurbroti í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp.

2.4.5 Vinnsluáætlun

Það verður ávallt krafa í starfsleyfi að vatn safnist ekki fyrir á svæðinu. Ekki er gerð athugasemd við tillögur framkvæmdaaðila að því hvernig þetta verður leyst.

2.4.6 Frágangur og áætlun jarðvegsmana

Heilbrigðiseftirlitið telur að skoða megi möguleika á því að flytja jarðveg inn á svæðið til að minka dýpi námunnar að framkvæmd lokinni og reka þar jarðvegstipp samhliða námurekstri.

4.3.5 Mótvægisáðgerðir

Það lítur út fyrir að íbúar á Bakka geti orðið fyrir talsverðu áfoki úr Skorholtsnámu og er í skýrslunni upplýst að byggð verði jarðvegsmön til að draga úr þessu. Undirritaður þekkir ekki vel hversu vel jarðvegsmön nýtist í þessum tilgangi þó hún geti verið ágæt til að draga úr sjónrænum áhrifum. Þá gæti verið að skjólbelti úr öspum sem dæmi gæti hentað betur eða jafnvel samhliða þó svo að það taki nokkur ár að fá þá virkni í gagnið.

7. Heimildaskrá

Ekki er að sjá að fagleg úttekt hafi farið fram á gróðri.

Svo er að sjá að íbúar á Bakka verði fyrir hvað mestum áhrifum af námavinnslu á svæðinu og óvíst hvort mótvægisáðgerðir eru nægjanlegar til að þessi áhrif þar verði ásættanleg.

Virðingarfyllt,



Þorsteinn Narfason
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun
b.t. Jakobs Gunnarssonar
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. mars 2022
Málsnúmer: 202201-0050
LA/SS

Efni: Umsögn um umhverfismatskýrslu vegna efnistöku úr Bakkanámu í landi Skorholts í Hvalfjarðarsveit

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 16. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er varðar stækkun efnistökusvæðis við Bakkanámu. Framkvæmdaraðili, Hólaskarð ehf., hyggst vinna í Bakkanámu í Melasveit allt að 1,4 milljón m³ af efni á um 11 ha efnistökusvæði, en þar af eru 5 ha nýtt svæði.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn til Skipulagsstofnunar 10. júní 2021 varðandi tillögu að matsáætlun sömu framkvæmdar. Stofnunin benti þá meðal annars á hátt vísindalegt gildi þessara setmyndana, sem mynduðust á síðjökultíma og eru hluti af mun stærri heild.

Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum sýnir hámarksútbreiðslu jökulsins úr Borgarfirði fyrir um 12.800 árum og að á þeim tíma hafi sjávarstaða verið í 52 m hæð yfir núverandi sjávarborð. Jökulgarðurinn í Skorholtsmelum liggur norðan við námusvæðið en hann er einn best varðveitti jökulgarður landsins frá þessum tíma. Námusvæðið er í gamalli óseyri sem myndaðist framan við jökulinn og við háa sjávarstöðu á síðjökultíma. Lárétt leir- og siltlög sem finnast í botni malarnámunnar marka forna hafsbotninn sem óseyrin byggðist út á.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatskýrslu ofangreindrar framkvæmdar og vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

- Leita þarf áhlits jarðfræðings með sérþekkingu í ísaldarjarðfræði til að taka út jarðlagasnið sem varðveitt verða í vísindalegum tilgangi og til fræðslu.
- Gera þarf ráðstafanir vegna áætlana um dýpt námunnar, þ.e. mesta dýpi er áætlað um 25 metrar. Fyrirbyggja þarf hrun í námuveggjum og girða af námuna að ofanverðu þar sem hún er dýpst (austast á svæðinu). Ekki er nóg að setja skilti.
- Kanna þarf hættu á mengun grunnvatns innan námunnar og gera viðbragðsáætlanir því tengdu.

Mikilvægt er að skoða samlegðaráhrif við efnistökusvæðið í Skorholtsmelum, námusvæðið austan við Bakkanámu. Þar er einnig fyrirhuguð stækkun á námusvæði um rúma 12 ha og vinna allt að 2,5 milljón m³ af efni, úr þessari sömu fornu óseyrarmyndun frá síðjökultíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekar athugasemdir.



Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs
Náttúrufræðistofnun Íslands





Skipulagsstofnun
b.t. Jakob Gunnarsson
jakob.gunnarsson@skipulag.is
skipulag@skipulag.is
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrímel 3
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

23. febrúar 2022

2102056 GT

Bakka- og Skorholtsnáma - efnistaka.

Á 346. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **22.2.2022** var tekið fyrir mál

Umhverfismatsskýrsla-umsagnarbeiðni.

Endurupptaka máls frá síðasta sveitarstjórnarfundi þar sem um er að ræða umhverfismatsskýrslu, ekki tillögu að matsáætlun líkt og getið var í fyrri bókun sveitarstjórnar.

Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfismatsskýrslu en vísar að öðru leyti til ábendinga í fyrri bókunar sveitarstjórnar."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með

Með kveðju,

Guðný Tómasdóttir
ritari

gudnyt@hvalfjardarsveit.is



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2022
MÍ202202-0068/ 6.07 / K.M.

Efni: Bakka- og Skorholtsnáma í Hvalfjarðarsveit

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 16. jan. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Efnistakan sem fjallað er um í umhverfismatsskýrslu er í Melasveit, á landskíka sem liggur á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu. Auk þess að stækka efnistökusvæði á staðnum verður haldið áfram að vinna það efni sem enn er nýtanlegt úr Bakkanámu. Í skýrslunni kemur fram að efni hefur verið tekið á svæðinu um áratugi og hefur efni verið unnið bæði í Bakkanámu og Skorholtsnámu. Nýja efnisvinnslusvæðið er á túni sem er um 5 ha að stærð og tilheyrir landi Skorholts. Túnið liggur á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu.

Ekki er fjallað um fornleifar í umhverfismatsskýrslunni. Minjastofnun veitti umsögn um tillögu að matsáætlun fyrirhugaðrar efnistöku með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 07.06.2021. Þar kom fram að fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2003, *Fornleifaskráning í Leirár- og Melasveit*. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Skorholti. Skráningin er barns síns tíma og uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Engar fornleifar voru skráðar innan fyrirhugaðs efnistökusvæðisins. Í umsögninni sagði einnig að starfsmaður Minjastofnunar Íslands, minjavörður Vesturlands, hefði skoðað svæðið á vettvangi. Engar vísbendingar fundust um fornleifar á fyrirhuguðu efnistökusvæði.

Í umsögn um tillögu að matsáætlun efnistökkunnar kom fram að Minjastofnun gerði ekki kröfu um að fornleifar yrðu skráðar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum umræddrar efnistöku í landi Skorholts.


Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Jakob Gunnarsson (jakob.gunnarsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, miðvikudagur, 26. janúar 2022
UST202201-158/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Bakka- og Skorholtsnáma. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Ráðgert er að taka að hámarki 1,2, milljón m³ úr Skorholtsnámu og samfara því ljúka efnistöku í Bakkanámu en þar gæti enn verið unnt að taka 100-200 m³ til viðbótar. Gert er ráð fyrir að efnistakan muni standa yfir í 10-15 ár. Efni verður flutt af svæðinu í námuna Hólabrú sunnan Akrafjalls þar sem frekari vinnsla mun fara fram.

Á þessum stað hefur verið stunduð efnistaka um áratuga skeið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að halda áfram efnistöku við þessar aðstæður í stað þess að byrja að nýju annars staðar. Í þeim áfanga efnistökkunnar sem er til umfjöllunar verður efni tekið á um 5 ha svæði sem nú er ræktað tún. Talið er að unnt sé að vinna námuna allt að 25 m niður fyrir núverandi yfirborð. Fram kemur í greinargerðinni að helstu áhrif efnistökkunnar geti verið sjónræn áhrif auk óþæginda vega foks fínefna úr námunni. Umhverfisstofnun telur þetta rétt mat. Ráðgert er að skerma námuna af með jarðvegsmönnum sem gætu einnig dregið úr foki en auk þess verður reynt að vökva svæðið til að binda floggjarn efni þegar hvasst er. Fram kemur að vatn safnast fyrir í námubotninum og eru lagðar til aðgerðir til að koma vatni frá námunni.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um efnistöku góða sem og skilgreining helstu umhverfisáhrifa. Að mati Umhverfisstofnunar gæti orðið erfitt að aðlaga mjög djúpa gryfju að landi eins og fram kemur í greinargerð og gæti vatn sem stendur uppi í botninum gert frágang erfiðari. Í raun gæti verið betra að aðlaga svæðið að landi því stærri sem gryfjan er, en alls óvíst er að efnistöku ljúki á þessum stað með þeirri efnistöku sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur

Vegagerðin umsögn - Bakka- og Skorholtsnáma ? Efnistaka. Umhverfisskýrsla.

Til : Jakob Gunnarsson - SLS
Frá : Sigurður Friðgeir Friðriksson - VG
Heiti : Vegagerðin umsögn - Bakka- og Skorholtsnáma ? Efnistaka. Umhverfisskýrsla.
Málsnúmer : 202112033
Málsaðili : Hólaskarð ehf.
Skráð dags : 25.01.2022 14:05:30
Höfundur : Sigurður Friðgeir Friðriksson - VG
Viðhengi [image001.png](#)
[Vegagerðin umsögn - Bakka- og Skorholts náma MÁU.pdf](#)

Heill og sæll,

Efni: Bakka- og Skorholtsnáma - Efnistaka. Umhverfisskýrsla.

Hjálagt - Umsögn Vegagerðarinnar er varðar ofangreint.

Vegagerðin hefur kynnt sér umhverfisskýrslu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum sem geta haft umhverfisáhrif og gerir ekki athugasemd.



Sigurður Friðgeir Friðriksson

Sérfræðingur
Tæknideild, Vestursvæði

[sigurdur.f.fridriksson](mailto:sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is)
[@vegagerdin.is](mailto:sigurdur.f.fridriksson@vegagerdin.is)
[+354 522 1647](tel:+3545221647)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Borgarbraut 66, 310 Borgarnesi
vegagerdin.is

**Skipulagsstofnun**

BT. Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Efni: Bakka- og Skorholtsnáma – Efnistaka. Umhverfisskýrsla.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. janúar 2022, þar sem óskað er eftir að Vegagerðin gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, skv. 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlun.

Í umsögn Vegagerðarinnar skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig hvort umsagnaraðili telji að þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingu, svo sem varðar mótvægisáðgerðir og vöktun.

Fram kemur að áform framkvæmdaraðila feli í sér að vinna að hámarki 1,2 milljóna m³ á landskika í Melasveit, Hvalfirði auk 100-200 þúsund m³ sem enn er vinnanlegt úr Bakkanámu. Svæðið sem um ræðir er um 5 ha. og er áætlað að vinnslumagn dugi í 10 – 15 ár.

Í Umhverfisskýrslu kemur fram að áhrif framkvæmdar á eftirfarandi þætti metin: *Jarðfræði og jarðmyndanir, landlag og sjónrænir þættir og áhrif foks.*

Vegagerðin hefur kynnt sér umhverfisskýrslu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu þáttum sem geta haft umhverfisáhrif og gerir ekki athugasemd.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Síða 1/1

Vegagerðin
Súðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is